

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og samkvæmt samþykktum í viðauka við samþykkt nr. 64/2025 um breytingar á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar nr. 813/2018, sem kveða á um valdheimildir skipulagsfulltrúa til fullnaðarafgreiðslu, eru eftirfarandi óverulegar breytingar á gildandi deiliskipulagi samþykktar:

Árbakki – óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 25. júní 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar Árbakka. Breytingar eru gerðar á köflum 2.5.3, 4.7, 4.8 og 4.10 í greinargerð ásamt breytingum á skilmálablöðum fyrir Þórisvað 2. Breytingar á greinargerð fela í sér heimildir fyrir kjöllurum í samræmi við ofangreindar tilvitnanir í kafla 2.5.3, 4.7, 4.8 og 4.10, ásamt breyttu nýtingarhlutfalli.

Breytingar á deiliskipulagsaupprætti fela í sér að sýndir eru byggingarreitir fyrir kjallara á lóðum nr. 20-30 við Ásavað og er lóðarmörkum og byggingarreit á Þórisvaði 2 breytt lítillega. Þá er kjallaramerkingum (kj) fyrir Þórisvað 2 og 10 og Ásavað 20-30 bætt inn á upprátt.

Breytingarnar eru í samræmi við gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036.

Miðbær Selfoss - Austurvegur 11 og Tryggvagata 8 – óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 25. júní 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Selfoss. Breytingin tekur til lóðanna Austurvegar 11 og Tryggvagötu 8, og felur í sér óverulega stækkun á byggingarreit Austurvegar 11, til vesturs og norðurs, auk þess sem hámarkshæð byggingar er aukin úr 13 m í 13,5 m. Að öðru leyti gilda skilmálar núgildandi skipulags.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Sveitarfélaginu Árborg, 27. júní 2025.

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 11. júlí 2025